



BREYTINGAR Í NETTENGINGUM

Kæru notendur RAI-kerfa og Vistunarmats

Gledilegt ár og takk fyrir það liðna. Á þessu nýja ári 2011 munu eiga sér stað ákveðnar breytingar hjá þeim sem nýta sér rafræn skilríki á smartkortum vegna heilbrigðiskerfanna RAI og Vistunarmats.

Þar sem enn er notast við rafræn skilríki í kortaformi verður sú breyting að rafræuskilríkin muni nú verða færð inn í Beinir (e. Router) stofnunarinnar og þar af leiðandi verða plastkortin og lesararnir óþarfir við notkun á kerfunum.

Það er okkar von að á árinu 2011 verði hægt að leggja niður það kerfi sem við styðjumst við í dag, notendum til einföldunar og hagræðis.

Þess ber að geta að mögulega muni falla til kostnaður vegna kaupa á búnaði sem ekki er þegar til hjá viðkomandi stofnun svo og kostnaður sem felst í vinnu aðkeyptrá sérfræðinga vegna þessara breytinga.

Hér til hlíðar er farið yfir það með hvaða hætti þetta skuli gert.

Við leggjum til að SENSEA sjá um þessar innleiðingar en öllum stofnunum er í sjálfvald sett hvaða sérfræðinga er leitast til. SENSEA er því einungis okkar tillaga að sérfræðiráðgjöf og þjónustu.

Kveðja Hákon Jónsson, Þjónustustjóri Stika

FERILL VEGNA BREYTINGA

- Ganga þarf úr skugga að stofnunin eigi Beinir (Router) sem styður þær breytingar sem fara á í, en dæmi um slíkan Beinir er Cisco 877, en beinirinn verður að innihalda VPN stuðning.
- Eigi stofnunin einungis venjulegan Beinir t.d. frá netþjónustuaðila eins og Vodafone og Símanum þarf að kaupa búnað sem styður þessar breytingar. Sumar stofnanir gætu þurft öflugri Beina en aðrar.
- Fylla þarf út blað sem Stiki sendir notendum þar sem staðfest er að stofnunin viti af þessum breytingum og að sá kostnaður sem fellur til við kaup á búnaði og tæknivinnu sé kostnaður sem hver stofnun mun bera sjálf en ekki Stiki.
- Þessu blaði ber svo að faxes til Stika áður en Stiki getur útbúið verkbeiðni fyrir SENSEA til þess að hefja vinnu við þessa breytingu.